# Fundur í fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar

18. desember 2017 kl. 16:30. Haldinn á Kirkjubæjarstofu.

Mætt voru: Eyþór Valdimarsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir sem ritaði fundargerð. Valmundur komst ekki á fundinn.

## Uppgjör fjallskila 2017

Formaður lagði fram uppgjör fjallskila og var það samþykkt. Sveitarstjóra var sent uppgjörið til afgreiðslu.

## Samningur við Vatnajökulsþjóðgarð

Samkvæmt bréfi frá Vatnajökulsþjóðgarði dagsett 24. apríl 2017 var samningi milli Skaftárhrepps, fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar og Vatnajökulsþjóðgarðs sagt upp. Fjallskilanefnd hefur verið mjög ánægt með þetta samstarf og vill halda því áfram. Formanni var falið að semja við Vatnajökulsþjóðgarð á svipuðum nótum og samningurinn sem rennur út 1. maí 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:15

Fanney Ólöf Lárusdóttir

______________________________

Fanney Ólöf Lárusdóttir